

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	20.3.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	17. ágúst 2020
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga um að 10 félagslegum íbúðum á Elliðabraut verði úthlutað til ungra einstæðra foreldra á aldrinum 18-29 ára sem fengju samhliða þjónustu á grundvelli verkefnis sem gengur undir vinnuheitinu ELLA.
Þjónustupáttur:	Húsnæðismál og félagslegráðgjöf
Stofnun/kostn.st.:	R6001
Fjárhæð:	12 mkr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Markmið tillögunnar er að veita ungum einstæðum foreldrum stuðning og ráðgjöf í félagslegu húsnæði til allt að 3ja ára.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, tillagan snýr að foreldrum óháð kyni.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Börn, einstaklinga og fjölskyldur sem eru á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði og þarfnast stuðnings og ráðgjafar.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan hefur áhrif á stöðu ungra einstæðra forelda sem þurfa öruggt húsnæði og stuðning og ráðgjöf samhliða. Því verður náð með að veita þjónustu inn á heimili viðkomandi en sérfræðingur verður staðsettur í húsnæðinu.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Ekki á þessu stigi máls.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.